

Enska

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- taki þátt í samskiptum í kennslustofunni þ.e. kynni sig, heilsa, kveðji og þakki fyrir sig
- geti tjáð sig um afmarkaða þætti tengda viðfangsefnum
- auki orðaforða sinn í töluðu og rituðu máli
- skilji efni á hljómböndum/myndböndum/geisladiskum í tengslum við viðfangsefni sem unnið er með og eru þeim kunnugleg
- skilji einfaldan texta
- þjálfist í að vinna með orðaforða í textum
- geti haft eftir söngva, rím o.fl. sem unnið hefur verið með í náminu
- geti skrifað eftir fyrirmyndum skiljanlega, skipulega og viðeigandi stutta texta
- þjálfist í réttri stafsetningu algengra orða sem koma fyrir í námsefni

Námsefni

Portfolio - Speak Out

Portfolio - Work Out

Are you listening? - Hlustunarefni

Hickory

Kennsluform

Nemendur vinna svo til eingöngu í skólanum þar sem námsefnið krefst hlustunar og verkefnavinnu tengda henni. Heimaverkefni miða að því að festa orðaforða frekar í minni. Einstaklings-, para- og hópavinna. Söngur og umræður.

Námsmat

Í ensku er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- ástundun 30%
- kannanir 40%
- heimanám 30%

Heimilisfræði

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- efli skilning sinn á hollustu og heilbrigði
- þekki fæðuflokkana
- geri sér grein fyrir mikilvægi vatns og réttra neysluvenja fyrir líkamann
- tileinki sér hreinlæti
- tileinki sér þekkingu og leikni í einföldum heimilisstörfum

Námsefni

Heimilisfræði fyrir 5. bekk

Ýmsar uppskriftir

Kennsluform

Kennslan er bæði verkleg og bókleg. Mikil áhersla er lögð á samvinnu og vönduð vinnubrögð. Ekki er gert ráð fyrir heimanámi.

Námsmat

Bekknun er skipt upp í tvo hópa og fær hver hópur kennslu hálf skólárið. Um símat er að ræða þar sem frammistaða hvers og eins er metin.

- vinnubók 20%
- framkoma 20%
- frumkvæði og vinnubrögð 60%

Hönnun og smíði

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- sýni handverki virðingu og meti það að verðleikum
- efli sjálfsmynd sína og frumkvæði í skapandi starfi sem virkur þátttakandi
- geti sett fram og mótað eigin hugmyndir við gerð smíðisgripa
- læri að beita einföldum hand- og rafmagnsverkfærum við hæfi
- temji sér að umgangast verkfæri og tæki af varúð og nýti öryggisbúnað
- tileinki sér góðan frágang á eignum og áhöldum
- þrói með sér hæfni til að vinna með öðrum

Námsefni

Óformlegar samræður kennara og nemenda, blöð, teikningar, hugmyndir nemenda o.fl.

Kennsluform

Nemendur kynnast smíðastofunni, verkfærum, vélum og öryggisbúnaði, auk efnisins sem að öllu jöfnu er unnið með. Lögð er áhersla á að kynna nemendum þær hættur sem kunna að leynast í smíðastofunni og þeim kynnt rækilega hvaða áhöld og tæki þeir mega nota. Kennnd er notkun hand- og rafmagnsverkfæra við gerð mismunandi smíðisgripa, auk þess sem yfirborðsmeðferð (lökkun og málun) og hvernig búa eigi muni undir hana er kennd. Nemendur hanna a.m.k. einn smíðagrip sem kennari leggur grunn að. Nemendur búa til blýantastand og bít. Fram fer bæði hópkenndsla og aðstoð við einstaklinga.

Námsmat

Í smíðum er gefin skólaeinkunn í lok annar.

- virkni, hegðun, vinnubrögð og afrakstur 80%
- mappa 20%

Íslenska

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- auki við lesskilning, orðaforða og málskilning
- nái upp góðum lestrarhraða og lesi af öryggi
- geti aflað sér upplýsinga úr rituðum heimildum og unnið úr þeim
- geti greint aðalatriði frá aukaatriðum í lesnum texta
- þjálfist í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum og stærri hópum
- þjálfist í að lesa upphátt sögur og ljóð
- geti svarað spurningum varðandi efni og endursagt efni sem þeir hafa hlustað eða horft á
- þjálfist í að skrifa tengda skrift í frjálsri ritun, skrifi skýrt og vandi frágang
- semji sögur með atburðarás og semji ljóð
- þekki hugtökin upphaf, miðja og endir í frásögnum og geti nýtt sér þau í eigin skrifum
- geti skrifað stutta útdrætti úr lesnu efni og lengri frásagnir úr eigin lífi
- þjálfist í að nýta sér orðabækur og önnur hjálpargögn við ritun
- læri að fara eftir helstu stafsetningarreglum og geti skrifað texta rétt eftir upplestri þar sem reynir á flestar stafsetningarreglur
- læri þekktar vísur og ljóð utanbókar til söngs og annars munnlegs flutnings
- hlusti á upplestur á sögum og leiktextum eftir íslenska og erlenda höfunda
- skrifi stutta greinargerð um bók eða stutta sögu sem hann hefur lesið
- þekki hugtökin rím, ljóðstafir og taktur
- þekki hugtökin persóna, söguhetja, söguþráður og sögulok
- þekki orðflokkana nafnorð, sagnorð og lýsingarorð og helstu einkenni þeirra
- geti fundið fall nafnorða og lýsingarorða
- geri sér grein fyrir stigbreytingu og kynbeygingu lýsingarorða
- átti sig á muninum á nútíð og þátíð sagna
- læri að fallbeygja mannanöfn
- þekki kyn orða
- geri sér grein fyrir samsetningu orða og þjálfist í orðmyndun
- leiki sér með orðtök og málshætti

Námsefni

Finnbjörg

Málrækt1

Mál til komið grunnbók og vinnubók

Réttitunarorðabók og verkefnabók 1

Emil og Skundi

Blákápa

Ljóðspor

Ljóðabókin mín

Skrift 6

Kennsluform

Málfræði og stafsetning: Verkefni unnin í vinnubækur, stílabækur og verkefnablöð og helstu atriði eru tekin fyrir á töflu.

Ljóð: Valin af kennara, nemendur læra og fara með utanbókar, vinna verkefni út frá ljóðunum og kynnast höfundum þeirra. Einnig semja nemendur sjálfir ljóð með ólíkum ljóðformum og flytja sín eigin ljóð og annarra frammi fyrir bekkjarfélögunum.

Lestur: Heimalestur nemenda er einstaklingsmiðaður í samráði við kennara.

Bókmenntir: Unnin eru ýmis verkefni upp úr bókmenntatextum. Nemendur vinna eina ritgerð.

Námsmat

Í íslensku er gefin prófseinkunn og skólaeinkunn að hausti og vori.

Að hausti

- ástundun og vinnubrögð 20%
- heimavinna 30%
- kannanir 50%
- lesskilningur
- lestrarpróf

Að vori

- ástundun og vinnubrögð 20%
- heimavinna 30%
- bókmenntaritgerð 30%
- kannanir 20%
- lesskilningur
- lestrarpróf

Íþróttir

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- efli þol, styrk, kraft og liðleika
- skilji mikilvægi reglubundinnar líkamsræktar og finni til þess leiðir við sitt hæfi
- fái aukið sjálfstraust, viljastyrk og áræði
- fræðist um íþróttir, líkamsrækt og heilsuvernd
- fái stuðning við þroskaferli í öðrum námsgreinum
- fari eftir reglum og virði þær

Kennsluform

Útileikir, innileikir, körfubolti, fitness, fótbolti, stöðvar, cooper próf, píptest, liðleikapróf, sipp-próf, bandý, skólahreysti, handbolti, frjálssar íþróttir, badminton, útihlaup.

Námsmat

- próf (cooper, píptest, langstökk án atr., kúluvarp, liðleiki og sipp) 50%
- mæting, virkni, áhugi og framkoma 25%
- gögn 25%

Lífsleikni

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- læri að taka tillit til og bera virðingu fyrir sérstöðu annarra
- fái þjálfun í að tjá hugsanir sínar og skoðanir
- læri að forðast hættur á heimilum, við skóla og í nánasta umhverfi
- kunni umferðarreglur fyrir gangandi, hjólandi og skautandi vegfarendur
- læri um gildi þess að ganga vel um náttúruna

Námsefni

Ég er bara ég

Ég er það sem ég vel

Verkefni frá kennara

Kennsluform

Kennslan byggist á umræðum kennara og nemenda, leikjum og verkefnavinnu. Einstaklingsvinna og hópavinna allt eftir viðfangsefni hverju sinni.

Námsmat

Í lífsleikni er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- ástundun og þátttaka 50%
- vinnubók 50%

Myndmennt

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- nýti sér í eigin sköpun aðferðir sem fela í sér að kanna form og liti fyrirmynda
- þekki hugtakið sjónarhorn og verkefni tengd því
- viti að handverkshefðir geta tengst nútímalist
- þekki hugtökin handverk og fjöldaframleiðsla og þann mun sem í þeim felst
- þekki list víkingatímabilsins
- viti að vestrænni listasögu er skipt í tímabil, stefnur og stíla frá upphafi til okkar daga
- geri sér grein fyrir verðmæti og eiginleikum efna sem unnið er mað hverju sinni

Námsefni

Myndmennt I og II

Ýmsar bækur tengdar myndlist

Kennsluform

Innlögn, leiðsögn, tilraunir, sköpun, sjálfstæð vinna og hópavinna.

Námsmat

Í myndmennt er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- ástundun og vinnubrögð 60%
- verkefni 40%

Náttúrufræði (eðlis-, efna- og jarðfræði)

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

Eðlisvísindi

- geri sér grein fyrir áhrifum andstæðra rafhleðslna (stöðurafmagn)
- kynnist rafstraumi í einföldum rásum og flutningi raforku
- kynnist seglum og geti nefnt dæmi um segulmögnuð efni í daglegu lífi
- geri sér grein fyrir að til að hlutir sjáist verður ljós að berast frá þeim

Jarðvísindi

- þekki uppbyggingu jarðar
- geri sér grein fyrir hvernig jarðskorpan skiptist í fleka og hvernig landrek getur orsakað jarðskjálfta og eldgos
- geri sér grein fyrir dreifingu eldvirkni og jarðhræringa á Íslandi og afleiðingum þessara fyrirbæra
- geri sér grein fyrir orsökum mismunandi veðurfars og loftlags
- geri sér grein fyrir áhrifum hafsins á lífsskilyrði og veðurfar
- þekki í stórum dráttum jarðsögu Íslands
- þekki stöðu og hreyfingu jarðarinnar og reikistjarnanna í sólkerfinu
- geti útskýrt sól- og tunglmyrkva og mismunandi útlit tungls séð frá jörðu
- geti lýst á einfaldan hátt hvernig hreyfing jarðar orsaka árstíðir og sjávarföll

Námsefni

Auðvitað bók 1

Kennsluform

Útlitunarkennsla, vettvangsferðir, verkefnavinna, verklegar æfingar, umræðu- og spurnaraðferðir, leitaraðferðir og hópvinubrögð.

Námsmat

Í náttúrufræði er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- ástundun og vinnubrögð 20%
- kannanir 50%
- vinnubók 30%

Náttúrufræði (líffræði)

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

Lífvisindi

- geri sér grein fyrir að lífverur eru ýmist ein- eða fjölfrumungar
- geti útskýrt hugtökin fæðukeðja og fæðuvefur og þekki mismunandi hlutverk lífvera í þeim
- geti skýrt hvað ljóstillífun er og gildi hennar fyrir lífheiminn
- geri sér grein fyrir tengslum lífvera innbyrðis og við annað umhverfi sitt
- geti borið saman mismunandi búsvæði á Íslandi með tilliti til einkennis lífvera, fjölda tegunda og umhverfisþátta
- beri virðingu fyrir lífandi verum, lífnaðarháttum þeirra og búsvæðum og skilji eðlilegar takmarkanir á nýtingu þeirra
- geri sér grein fyrir að maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma komandi kynslóða byggist á umgengi hans við náttúruna
- sýni ábyrgð á íslenskri náttúru og gera sér grein fyrir sérstöðu hennar
- geri sér grein fyrir mikilvægi þess að hafa aðgang að hreinu vatni, hvaðan vatnsmengun kemur, áhrifum hennar og hvað megi gera til að draga úr henni
- geti útskýrt hringrás vatns í náttúrunni

Átthagafræði

- kynnist lífríki í fersku vatni í nágrenni skólans, Stekkjaranum, taki sýni og komi upp ferskvatnsbúri sem nemendur nýta svo til að gera athuganir
- vinni verkefni um helstu einkenni og lífnaðarhætti villtra dýra í Snæfellsbæ með áherslu á ref, rjúpu og mink.

Námsefni

Lífríkið í fersku vatni, Lífríkið á landi, Tré, Veröldin í vatninu og Greiningarlykill fyrir lífverur í vatni.

Kennsluform

Útlistunarkennsla, vettvangsferðir, verkefnavinna, verklegar æfingar, umræðu- og spurnaraðferðir, leitaraðferðir og hópvinubrögð.

Námsmat

Í líffræði er gefin skólaeinkunn byggð á símati

- vinnubók nemenda gildir 80%
- ástundun og vinnubrögð 20%

Samfélagsfræði

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

Saga

- læri sögur af fundi Íslands og nokkrum landnámsmönnum
- öðlist skynbragð á trú og siði fyrir kristnitöku
- kynni afraksturinn með leikrænni tjáningu, frásögnum, myndverkum eða á annan skapandi hátt
- kanni skiptingu landsmanna eftir stéttum, stöðu og atvinnugreinum, svo sem í frjálst fólk og ófrjálst, goða og bændur, konur og karla, handverksmenn og fjölvísar konur
- læri hvernig landinu var skipt í fjórðunga og goðorð, hvernig Alþingi kom til sögunnar og hvernig lögum var skipað í landinu
- geri sér grein fyrir því hvernig kristni barst með ýmsum hætti norður á bóginn, allt til Íslands og Grænlands
- þekki helstu áhöld, fatnað og atvinnu landnámsmanna eftir árstíðum

Landafræði

- vinni leiðarlýsingu út frá korti
- læri að nota tvo undirflokka höfuðáttanna fjögurra í frásögn, t.d. norðnorðvestur og tengja þá við skiptingu hrings
- þekki á Íslandskorti nöfn og legu landsfjórðunganna, stærstu þéttbýlisstaða, helstu ár, jökla, firði, flóa og fjöll
- þjálfist í að lýsa helstu landfræðilegu einkennum hvers landshluta, s.s. landslagi, gróðurfari og veðurfari
- verði færir um að greina hvað er líkt og hvað ólíkt í heimabyggðinni og öðru byggðarlagi, s.s. með tilliti til landbúnaðar, veðurfars, bygginga og samgangna
- kynni sér auðlindir og atvinnulíf í heimabyggð sinni og landshluta og sé fær um að bera það saman við landið í heild

Námsefni

Leifur Eiríksson – á ferð með Leifi heppna

Ísland – veröld til að njóta

Kennsluform

Samfélagsfræðin skiptist í tvo hluta, sögu og landafræði. Kennari les námsefnið með nemendum og þeir vinna síðan verkefni og svara spurningum. Unnin verða fjölbreytt verkefni. Kennsluform í landafræði verður með svipuðum hætti og í sögu nema nemendur lesa meira heima. Unnin eru verkefni bæði í skólanum og heima.

Námsmat

Í samfélagsfræði er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- ástundun 20%
- vinnubók 80%

Stærðfræði

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

Lausnir verkefna og þrauta/stærðfræði og tungumál

- þjálfist í að leita leiða til að leysa þrautir og temji sér að prófa lausnir sínar
- noti fjölbreyttar aðferðir við lausn verkefna og geti gert grein fyrir aðferðum sínum á rituðu máli og á myndrænu formi

Tengsl við daglegt líf og önnur svið

- reikni tímalengd úr áætlana- og stundatöflum
- átti sig á uppbyggingu metrakerfisins og geti breytt milli algengra eininga í metrakerfi, s.s. m í cm og mm, kg í g og l í dl

Tölur

- finni einingarbrot ($1/3$, $1/5$, $1/10$) af stærðum með einum og tveimur tölustöfum
- styttri og lengi almenn brot og breyti einföldum almennum brotum í tugabrot og breyti tugabrotum með einum aukastaf í almenn brot
- geti gert sér grein fyrir stærð neikvæðra talna

Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat

- leggi tveggja stafa tölu við þriggja stafa tölu og dragi tveggja stafa tölu frá þriggja stafa tölu og kunni að geyma og taka til láns
- margfaldi tveggja stafa tölu með eins stafs tölu og deili í tveggja stafa tölu með eins stafs tölu
- geti notfært sér að samlagning - frádráttur og margföldun - deiling eru andhverfar aðgerðir til að prófa svör í útreikningum
- efli skilning sinn á háum tölum og uppbyggingu tugakerfisins og þjálfist í að nota fleiri en eina leið við útreikninga á háum tölum
- skoði ýmsa möguleika til að nota vasareikni
- þjálfist í margföldun tveggja og þriggja stafa talna

Mynstur og algebra

- kynnist því að aðgerðirnar samlagning og margföldun eru víxlnar aðgerðir
- kynnist því að nota bókstafi í stað talna í stærðfræði

Rúmfræði

- þjálfist í notkun réttra mælitækja og læri að beita þeim að námkvæmni
- geri sér grein fyrir uppbyggingu hnitakerfisins og geti lesið og skráð hnit
- noti hringfara til að teikna hring og þekki og noti hugtökin þvermál og geisla (radíus) hrings
- þekki og noti hugtökin rétt horn, hvasst og gleitt horn
- geri sér grein fyrir eðli flutninga þ.e. speglunar og hliðrunar

Hlutföll og prósentur

- þekki prósentuhugtakið og geti fundið prósentur af heilum hundruðum

Tölfræði

- safni, flokki og setji fram niðurstöður á tölulegu formi

Námsefni

Geisli 1A ásamt vinnublöðum

Geisli 1B ásamt vinnublöðum

Stjörnubækur Merkúríus, Venus o.s.frv.

Hringur 1 margföldun og deiling

Hringur 1 brot.

Stærðfræði handa grunnskólun 4A og B.

Kennsluform

Í tímum vinna nemendur einstaklingslega og/eða í hópum háð viðfangsefninu. Einnig verða unnin valin verkefni og þrautalausnir í skólanum og heima. Lögð verður áhersla á skipulögð og vönduð vinnubrögð.

Námsmat

Í stærðfræði er gefin skólaeinkunn og prófseinkunn að hausti og vori.

- ástundun 20%
- kannanir 40%
- heimadæmi 40%

Sund

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- taki það sundstig sem aðalnámskrá ætlar þeim
- auki þol, styrk, kraft og tækni

Námsefni

Hjálpargögn: korkur, boltar, hringir, flothringir o.fl.

Kennsluform

Fyrirlestrar kennara, sýni- og munnleg kennsla, endurtekningaraðferðin, leikir og þrautir.

Námsmat

- Mæting, virkni og viðhorf til viðfangsefna 100%

5. sundstig

- 75m bringusund án hvíldar
- 25m skólabaksund
- 25m skriðsund með eða án hjálpartækja
- 12m baksund
- 10m flugsundsfótatök með eða án hjálpartækja
- troða marvaða í 20-30 sek
- sækja hlut á 1-2m dýpi eftir 5m sund

Textílmennt

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- geri sér grein fyrir mikilvægi vandaðra vinnubragða og góðrar umgengni
- þekki undirtvinna, yfirtvinna, beint spor og sikk-sakk á sumavél
- læri að prjóna brugna lykkju og skipta um lit á garni í prjóni
- læri einfaldar aðferðir við úrtöku og útaukningu á prjóni
- þekki helstu hugtök og heiti sem unnið er með

Námsefni

Handavinnublöð og bækur.

Kennsluform

Leitast er við að hafa verkefnin sem fjölbreyttust og við hæfi hvers nemanda. Innlögn og sýnikennsla þar sem aðferðir eru útskýrðar fyrir nemendum. Að öðru leyti er kennslan einstaklingskennsla.

Námsmat

Í textílmennt er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- ástundun og vinnubrögð 60%
- verkefni 40%

Tónmennt

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- flytji fjölbreytta tónlist frá ólíkum tímum og löndum sem gerir vaxandi kröfur til færni, einn og í hópi, undir eigin stjórn og annarra
- öðlist stigvaxandi færni í söng og leik á skólahljóðfæri
- verði virkir þátttakendur og þiggjendur tónlistar
- kynnist verkum íslenskra og erlendra tónskálda með sérstaka áherslu á E.Grieg og L.v.Beethoven
- greini á milli laga í dúr og moll
- geti heyrt, greint og sýnt þekkingu á ólíkum tónlistarstíltegundum sem unnið hefur verið með

Námsefni

Byggt er á efni úr Tónmennt, 3. og 4. hefti, auk ítarefnis frá kennara.

Kennskuform

Nemendur læra um fyrstu íslensku tónskáldin og kynnast helstu verkum þeirra. Söngur og leikur á skólahljóðfæri – fjölbreytt lög og ljóð. Hljóðfærakynning. Sérstaklega unnið með ólík blæbrigði tónlistar. Ýmsir hreyfileikir út frá sönglögum, hlustun og formi.

Námsmat

Gefin er skólaeinkunn að hausti og vori.

- ástundun 50%
- verkefni 50%

Trúarbragðafraeði

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- læri um helstu staðreyndir og siðaboðskap kristinnar trúar
- öðlist skilning og virðingu fyrir trú og menningu annarra
- tileinki sér samskiptareglur sem byggjast á kærleik og umhyggju fyrir öðrum mönnum, öllu lífi og umhverfi.

Námsefni

Kristin trú - Fagnaðarerindið

Kennsluform

Efnið lesið heima eða í skólanum, farið yfir sameiginlega til að auka skilning og skapa umræður. Nemendur svara spurningum, teikna, skrifa og vinna ákveðin verkefni í hópum.

Námsmat

Í kristinfræði er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- ástundun 30%
- vinnubók 70%

Tölvur

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- tileinki sér jákvæða afstöðu til tölvunotkunar
- læri að umgangast tölvurnar sem sjálfsagt verkfæri
- kynnist tölvunni sem tæki til náms og annarrar vinnu
- þekki helstu hluta tölvunnar og jaðartæki hennar
- læri að nota kennsluforrit
- læri að skrifa einfaldan texta, myndskreyta og setja inn myndir
- noti tölvuna til verkefnavinnu
- tileinki sér rétta fingrasetningu
- geti vistað og náð í skjöl

Námsefni

Upplýsingatækni fyrir 5. - 7. bekk

Ýmis kennsluforrit

Ritfínnur (vélritun)

Námsleiðir

Kennslan fer fram í tölvustofu og er bæði bókleg og verkleg.

Námsmat

Gefin er skólaeinkunn að hausti og vori.

- ástundun 30%
- verkefnavinna 70%